




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



**Nes**

**2019 – 2020**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra mat.....	4
2.1 Álfaberg (Hamrar) deildar .....	4
2.2 Dvergasteins (Hamrar)deildar .....	7
2.3 Hulduhóll (Hamrar)deildar .....	10
2.4 Lundey (Bakki) deildar .....	12
2.5 Tröllabjarg (Hamrar) deildar.....	15
2.6 Viðey (Bakki) deildar.....	17
3 Ytra mat.....	19
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	20
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
6 Foreldrasamvinna.....	24
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	25
8 Fylgigögn.....	25
9 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning .....	26
10 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	29
11 Fylgiskjal 3.....	32
12 Fylgiskjal 4 - Lokaskýrsla frá samstarfi við Kelduskóla.....	38
13 Fylgiskjal 5 - Mat elstu barnanna á Nesi/Hömrum .....	41
14 Fylgiskjal 6 – Langtímaáætlun/Matsáætlun leikskólans Nes.....	45



## Leiðarljós leikskólans:

### 1 Greinargerð leikskólastjóra

Vetur 2018 til 2019 var mjög annasamur hjá okkur á Nesi. Ég var í veikindaleyfi stóran hluta vetrarins, frá september til apríl. Guðrún Samúelsdóttir kom og leysti mig af í þann tíma og voru starfsmenn mjög ánægðir með hana og held ég bara að allir hafi haft gott að þessari tilbreytingu. Vegna þess að ég var í veikindaleyfi þá tók ég engin starfsviðtöl en stefni á að gera það í september/október.

Starfsmannabreytingar hafra verið í vetur sérstaklega á Bakka en hafa ekki haft mikil áhrif á starfið þar sem börnunum hefur fækkað mikið. Ég horfi bjartsýn til næsta starfsárs með þessu frábæra starfsfólki sem hefur starfað með mér í mörg ár.



## 2 Innra mat

### 2.1 Álfaberg (Hamrar) deildar

Haustið 2019 gekk brösuglega. Aðlögun tók langan tíma hjá yngri hópnum sem var að byrja hjá okkur (2016 börn) sem olli því að eldri börnin okkar (2015 börn) áttu erfitt með að koma í leikskólann fram eftir haustinu. Við skiptum niður í dagskipulaginu eftir aldri barnanna til þess að skapa meiri ró fyrir eldri börnin. Aðlögun var tekin í 2 hollum með 6 og 7 börnum og var það allt of mikið. Það náðist ekki að sinna öllum einstaklingum eins og starfsfólk hefði viljað. Þá höfðu mannabreytingar einnig áhrif á aðlögunina og veikindaleyfi starfsfólks setti ákveðið strik í reikninginn. Aðlögun var í raun ekki alveg lokið fyrir en í byrjun nóvember. Í haust munu eingöngu 8 börn koma í aðlögun og passar því vel að taka 4 börn í hvort aðlögunarholl.

Eftir að aðlögunartímanum lauk fór starfið að ganga smurt fyrir sig. Það gekk vel að flétta öll námssviðin inn í starfið okkar og fór deildarstjóri reglulega yfir þau með starfsfólki svo að ekkert þeirra gleymdist.

Við byrjuðum síðasta vetur að skrá niður í TRAS en höfum því miður ekki náð að taka báða aldurshópana vegna manneklu og starfsmannabreytinga. Næsta vetur áætluðum við að ná að gera TRAS hjá báðum aldurshópum. Lubbastundir með eldri hópnum, börn fædd 2015 voru aðra hvora viku í allan vetur og málörvunarspilastundir vikuna á móti og gengu þessar stundir vel hjá öllum börnunum og nutu þau þessara stunda eins og kom fram í endurmati eldri barnanna.

- Við höfum unnið markvisst með hljóðvist á deildinni og viljum við halda áfram með þá vinnu næsta vetur með betri skipulagningu á þeim svæðum sem við eigum á hverju sinni og dreifa börnunum betur á svæðunum inni á deild en jafnframt að nýta svæði sem er fyrir utan deildina og Álfaberg á aðra hvora viku.
- Fyrir síðasta starfsár var rætt um að hafa deildarfundina reglulegri það er 2 fundir í mánuði það gekk því miður ekki eftir og voru deildarfundir því helmingi færri en þeir hefðu átt að vera. Einn af umbótaþáttum Álfabergs verða því deildarfundir næsta vetur og nýtt skipulag á þeim. Deildarfundir eru mjög mikilvægir þar sem starfsfólk fer yfir gildi og stefnu leikskólans, ræðir um börnin, daglega starfið og samræmir þær aðferðir sem notaðar eru í starfinu. Deildarstjórar yngri deilda þurfa að vinna saman að koma upp betra skipulagi á framkvæmd deildarfunda.
- Nú eru gildi leikskólans orðin sýnileg á deildinni. Þau hanga við hurðina á deildinni og eru því í auglýsningu bæði foreldra og starfsfólks, til að minna okkur á þau alla daga.



- Á síðasta starfsári settum við inn endurmatið með börnunum sem umbótaþátt og hefur það gengið mun betur í vetur. Endurmatið hefur verið unnið í hverjum mánuði og ólíkar aðferðir verið notaðar. Þær aðferðir sem notaðar hafa verið eru spjall við börnin, myndir af öllum leikföngum og athöfnum í daglegu starfi og rölt um deildina með einu barni í einu þar sem spjallað er um efniviðinn sem í boði er að hverju sinni, hvaða verkefni þeim finnst gaman að takast á við og hver eru hreinlega ekki skemmtileg. Við viljum halda áfram að þróa endurmat okkar með börnunum og viljum því halda því inni áfram sem umbótaþætti.
- Síðasta vetur var annar umbótaþáttur að halda skráningu um samverustundir svo að þær yrðu fjölbreyttari og markvissari. Það gekk mjög vel að finna nýtt og spennandi efni fyrir samverustundir og var allt starfsfólk duglegt að finna hugmyndir og kenna öðru starfsfólki hvernig unnið er með hugmyndirnar. Skráningin sjálf gekk þó ekki nógu vel og var skráningarformið sem búið var til ekki nógu gott, starfsfólk mun því vinna saman að nýju formi á skráningunum á deildarfundum. Sérstök hilla var búin til inni í koti, þar sem samverustundirnar fara fram, með þeim efnivið sem starfsfólk hafið búið til fyrir stundirnar.
- Endurvinnsla og flokkun gekk mjög vel í vetur og voru börnin fljót að tileinka sér aðferðirnar við flokkun en spurðu annars ef eitthvað var ekki ljóst. Styrkleikar voru að börnin skuluðu fernurnar sjálf eftir drekkutíman og ræddum við um af hverju við erum að skola þær og skila í grenndargámana. Reglulegar ferðir í grenndargámana sem skiluðu sér í umræðum um endurvinnslu. Við teljum þennan umbótaþátt lokið þar sem hann er komin inn í dagskipulagið og munum við vinna áfram á sömu braut með börnunum sem byrja hjá okkur í haust.



Umbótaþættir Álfabergs	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Endurmat barnanna</b>	Endurmeta reglulega starfið með börnunum og að þau læri að setja orð á hugsanir sínar í tengslum við starfið	Notkun á myndum, spjalli, myndir í tölvunni af starfinu, deildin skoðuð með börnunum	Hefst í október  Lýkur í maí	Deildarstjóri ber ábyrgð  Allt starfsfólk framkvæmir	Endurmatið fer fram einu sinni í mánuði með börnunum. Tvisvar sinnum á önn ræðir starfsfólk um hvernig þetta hefur tekist með hópana	Viðmið eru svör barnanna. Þau læri að koma sínum hugmyndum á framfæri og að við getum brugðist við þeim.
<b>Skráning á samveru</b>	Halda góða skráningu sem auðvelt er að nálgast	Starfsfólk sem er með samveru skráir niður samverustundina, hvað gekk vel/illa	Hefst í október  Lýkur í maí	Deildarstjóri ber ábyrgð  Allt starfsfólk framkvæmir	Endurmetið á deildarfundum reglulega	Að samverustundir verði fjölbreyttari, markvissari og læri hvert af öðru
<b>Hljóðvist, hópaskipting</b>	Að lækka hávaðann inni á deild	Starfsfólk skipti sér markvissat á ákveðin svæði og sitji meira á gólfinu með börnunum. Skipta börnunum betur á svæðin sem við eigum m.a. svæði fyrir framan deildina	Hefst í september  Lýkur í maí	Deildarstjóri ber ábyrgð  Allt starfsfólk framkvæmir	Rætt á hverjum deildarfundum hvernig gengur	Að skapa betri hljóðvist fyrir börnin og starfsfólkið.



## 2.2 Dvergasteins (Hamrar)deildar

Haustið 2018 gekk ekki nógu vel. Við vorum með þrjá aldurshópa 6 börn fædd 2015. 7 börn fædd 2016. 6 börn fædd 2017. Aðlögunin gekk mjög illa, það komu 13 ný börn á deildina og í 2 hollum með viku millibili, of mörg börn með stutt á milli. Þau voru mjög lengi að aðlagast mikill grátur og yfir langan tíma. Breiður aldur á deildinni sem hjálpaði ekki til. Erfitt fyrstu 2 mánuðina en þrátt fyrir það tókst okkur að flétta flest námssviðin ágætlega inn í okkar starf að mestu leiti. Elstu börnin á Dvergasteini börnin fædd 2015 áttu mjög erfitt á aðlögunartímanum og vildu ekki koma í leikskólann í dágóðan tíma. Þau voru lítil í sér og höfðu foreldrar orð á því að þau væru óánægð með þetta fyrirkomulag. Við reyndum eftir bestu getu að veita þeim gæðatíma/veita þeim spennandi efnivið og vera mikið til staðar fyrir þau en fyrst til að byrja með tókst það ekki. Eftir ca. 2 mánuði var allt komið í ágætt ról hjá okkur. Næsta haust verða 2 aldurhópar á deildinni og það koma 12 ný börn á deildina. 4 í einu vikulega í þrjár vikur.

Læsi og samskipti fléttast inn í allt okkar starf. Mikil málörvun á sér stað t.d. í fataklefanum/skiptiborðinu svo eitthvað sé nefnt. Erum oft eins og íþróttafréttamenn – setjum stöðugt orð á athafnirnar. Lubbastundir eru aðra hvora viku með börnunum fædd 2015 og spil/málörvun er hina vikuna. Það hefur gengið mjög vel. Börnin mjög spennt og voru fljótt farin að sýna stöfum áhuga. Einnig höfðu þau mikinn áhuga á rími og voru í leik og starfi að æfa sig að ríma.

Heilbrigði og vellíðan, það var mjög sjaldan sem útiveran féll niður vegna veðurs og ef það gerðist var farið út eftir hádegi með eldri börnin. Gönguferðirnar sem börnin fædd 2015 fóru í um haustið (2 í mánuði og þar af ein Bókasafnsferð) féllu aldrei niður. En í janúar komust við ekki í neinar gönguferðir hvorki með 2015 né 2016 börnin vegna veðurs eða manneklu. Vorum duglegar að nýta þau svæði um húsið t.d. salinn/hollowkubbasvæðið sem við áttum að hverju sinni. Þannig tókst okkur að skapa aðeins meiri ró á deildinni. Oft tókum við börnin fædd 2015 á tiltekin svæði svo þau fengu notið sín.

- Sjálfsbærni og vísindi, við nýttum tækifærið í gönguferðunum að fara yfir umferðarreglurnar og sérstaklega með börnunum fædd 2015 að fara yfir hægri/vinstri. Einnig vorum við mikið að skoða gróðurinn og breytingarnar á honum milli árstíða. Skráningin gekk mjög vel hjá hópstjórunum með yngri hópana. En gekk ekki nógu vel meðal hópstjóra eldri barnanna (sbr.lubbastundirnar). Tökum mikið af myndum og búum til myndaskráningar fyrir börn og fullorðna.

Gildi leikskólans eru sýnileg núna inni á deild fyrir starfsfólkið og aðra. Þ.a.l. erum við mun meðvitaðri um þau, og notum tækifærið og ræðum þau reglulega í samverustund við börnin sérstaklega eldri börnin.



Samskipti við foreldra hafa gengið mjög vel og ef eitthvað kom upp á þá er reynt að leysa það á farsælan hátt.

Höfum reynt að nýta þann efnivið sem við eigum þá vikuna. Gekk mjög vel skiptin á leikefnum milli Álfabergs og Dvergasteins. Vorum ekki eins oft með efnivið sem skiptist vikulega milli deilda t.d. myndvarpi/sandleir/ljósaborð en nýttum það einungis með elstu börnunum á Dvergasteini. Okkur fannst stundaskráin vera mjög þétt setin sérstaklega á morgnanna fyrir börnin fædd 2015 (sem fara út eftir hádegi).

Síðastliðið haust vorum búnar að ákveða að einbeita okkur að einingakubbum og numicon með börnunum fædd 2015 og gekk það betur heldur en með öllum barnahópnum. En hefði mátt ganga betur. Numicon er aðgengilegur þá vikuna sem við eigum þá – gekk betur að nýta þá heldur en einingakubbana.

Sáum fljótlega í haust að við þyrftum að breyta samverustundar fyrirkomulaginu fyrir drekkutímann – hún gekk ekki nógu vel. Vorum með 1 samverustund, en þar sem breiður aldur er á börnunum þá gekk það ekki nógu vel. Breyttum því yfir í 2 eins og á morgnanna. Þvílíkur munur það var – við náðum mun betur til barnanna. Höfðum yngri samveruna styttri og þau fóru svo í drekkutímann en eldri samveran var lengri.

Tónlistin gekk mjög vel hjá okkur. Mikil ánægja meðal starfsmanna og börnin alltaf viljug að fara í hana.

Vorum duglegar að nýta listasmíðjuna sem svæði til að minnka álagið á deildinni. Ekki endilega til listsköpunar og þurfum við að vera duglegri næsta vetur í listinni með börnunum. Hefðum alveg getað bætt við fleiri verkefnum bæði sem geymt er fyrir opna húsið og frjálsum.

Deildarfundirnir á yngri deildunum voru engan veginn að standast. Það eiga að vera 2 fundir á mánuði á hvori deild og leysa Álfaberg og Dvergasteinn hvor aðra af. Náðum varla 1x í mánuði, þurfum að setja þetta í skipulag





Umbótaþættir Dvergasteins	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Lækka málróminn</b>	Skapa meira ró/næði inni á deild	Nota inni-röddina við hvort annað og við börnin. Ekki að hrópa – fara til barnanna. Skipta í minni hópa. Hafa slökunar-tónlist á. Nýta þau svæði sem við eigum	Sept-19-maí-20	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Minna hvort annað á inniröddina. Fara reglulega yfir á deildarfundum. Vera duglegar að skipta börnunum í smærri hópa	Rólegra og meira næði inni á deild.
<b>List</b>	Fleiri og fjölbreyttari verkefni.	Deila verkefnum niður á alla starfsmenn deildarinnar.	Sept'19-maí'20	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir	Eigum listasmiðjuna 2-3 í viku. Einn starfsmaður er ábyrgur fyrir hverjum mánuði.	Fleiri listaverkefni eftir börnin. Hvort sem er fyrir opna húsið/skúffuna
<b>Deildarfundir</b>	Ræða um deildina/skipuleggja/endurmeta	Hafa 2x í mánuði á ákveðnum vikudegi kl.10-11.	Okt/nóv'19-maí'20	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk framkvæmir	Finna dag og tíma sem hentar hvorri deild fyrir sig.	Samræma vinnu okkar og meðal barnanna. Ræða ákveðin málefni sem upp koma.
<b>Aðlögunin</b>	Geta sinnt börnunum betur í aðlöguninni og þeim sem fyrir eru á deildinni	Aðlögunin er stendur yfir í 3 vikur í staðinn fyrir 2	26.ágúst-13.septemb. 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk framkvæmir	4 börn koma í hverri viku	Börnin aðlagast betur til okkar og við náum að mæta hverju barni fyrir sig í aðlöguninni.



## 2.3 Hulduhóll (Hamrar)deildar

Veturinn 2018 – 2019 voru 24 börn á deildinni, 16 börn fædd 2014 og 6 börn fædd 2015. Eitt barn með stuðning og fleiri með hegðunarvanda af mismunandi stærðargráðu. Veturinn gekk samt sem áður þokkalega. Að mestu leiti gekk allt eftir sem áætlað var. Því miður var mikið um fjarvistir starfsmanna vegna veikinda og fría. Það verður að segjast að það hafi komið niður á starfinu að einhverju leiti. Þrátt fyrir það tókst okkur að flétta inn og vinna með alla þætti námsviðanna. Gildi leikskólans eru nú vel sýnileg á deildinni og þau rædd reglulega á deildarfundum. Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á að taka vel á móti börnunum og kveðja þau að degi loknum. Við munum halda því áfram. Einnig leggjum við mikla áherslu á kurteisi, tillitsemi og virðingu fyrir öllum og öllu. Unnin voru mörg verkefni yfir veturinn. Við höfum verið duglegar að vinna með hugmyndir barnanna. Í hverjum mánuði er unnið að einhverju sérstöku. Haustið fer í að tína laufblöð og skapa úr því. Í ár teiknuðu börnin stórt tré og klipptu. Límdu það á vegginn og skreyttu með laufblöðum. Þau bjuggu til fugla úr klósettrúllum og hengdu á tréð. Síðan kom jólagjafavinnan í nóvember og jólaföndrið átti sinn stað í desember. Að klippa og lím var æft af miklum áhuga og úr urðu fallegar klippimyndir hjá börnunum, einnig voru unnar vatnslitamyndir. Barnasáttmálaverkefnið sem er um barnið sjálft og nærumhverfi þess var unnið jafnt og þétt yfir veturinn. Litavikurnar er fastur liður í febrúar – mars. Teknir eru fyrir fjórir liti sem börnin blanda og vinna úr. Form tengjast þessari vinnu. Litirnir eru: bleikur, fjólublár, appelsínugulur og brúnn. Börnin sjá hvernig mismunandi tónar verða til þar sem hvert og eitt þeirra blandar sinn lit. Formin eru: ferningur, hringur, þríhyrningur og sívalningur (eða sexhyrningur).

Það sem við lögðum upp með frá síðasta mati var að fara betur í að spyrja börnin og fá fram þeirra mat á starfinu. Vinna markvissara með einingakubba og Numicon. Börnin voru spurð reglulega en ekki alltaf skráð, það þarf að bæta. Einingakubbana gerðum við aðgengilegri fyrir börnin til að geta leikið þar að vild. Áhugi þeirra fyrir einingakubbum hefur ekki verið mikill. Numicon sat mikið á hakanum. Námssefnið er alltaf aðgengilegt og börnin hafa leikið með það að vild. Markvissar kennslustundir hefðu mátt vera fleiri en yfirleitt féll það niður vegna manneklu eða óvanri afleysingu. Tónlistarstundirnar héldust nokkuð vel yfir veturinn og má segja að sé það sem gekk best af því sem við ætluðum að laga. Við munum halda þeirri góðu vinnu áfram næsta vetur.

Við munum halda áfram að bæta okkur í skráningunni og nota hana. Einnig ætlum við að halda áfram að vinna meira með einingakubbana og Numicon. Þar sem okkur finnst mjög mikil þörf á markvissri málörvun fyrir öll börnin viljum við bæta úr því næsta vetur. Við höfum verið að vinna markvissst með



„Lubbi finnur málbein“ og það hefur gengið vel en við viljum bæta við meiri málörvun sem fer inn á fleiri þætti málsins.

Umbótaþættir Hulduhóls	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Endurmat barnanna</b>	Að finna út hvað börnunum líkar best	Spyrjum börnin hvað gekk vel og hvað má betur fara. Skrá svörin	Sept. 2019 til maí 2020	Deildastjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar	Spyrja börnin og skrá svörin í lok hverrar viku Endurmeta á deildarf.	Að geta nýtt sér hugmyndir barnanna til að auðga starfið.
<b>Einingakubbar og Numicon</b>	Að börnin þekki form og fjölda	Vinna markvisst með verkefni úr kubbum. Aðra hvora viku með hvort undir leiðsögn	Sept. 2019 til maí 2020	Deildastjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar	Skrá ferlið og endurmeta á deildar- fundum	
<b>Málörvun</b>	Að börnin nái betri tókum á íslenskunni, orðaforði, skilningur og tjáning	Skipulagðar stundir þar sem unnið er með SÓL	Sept. 2019 til maí 2020	Deildastjóri ber ábyrgð og framkvæmir ásamt starfsfólki deildarinnar	Endurmeta á deildar- fundum	



## 2.4 Lundey (Bakki) deildar

Næsta vetur verða smá breytingar hjá okkur. Við munum leggja niður eina deild og verðum bara tveggja deilda leikskóli vegna barnafækkunar. Þannig að næsta vetur verður bara yngri deild, Lundey og eldri deild, Viðey.

Hér kemur smá yfirlit um hvernig síðasti vetur gekk á Lundey og Þerney.

### **Þerney**

Veturinn 2018 – 2019 voru 12 börn á Þerney sem öll eru fædd 2015. Aðlögun milli deilda gekk mjög vel. Öll börnin voru spennt, glöð og tilbúin að flytja frá Lundey yfir á Þerney. Veturinn gekk að mestu leyti vel og það urðu breytingar á deildinni í febrúar, þegar nýr deildarstjóri tók við.

Það var unnið mikið með málörvun á deildinni í vetur. Byrjað var að vinna með málörvunarefnið „Lubbi finnur málbein“ á markvissan hátt. Börnunum var skipt í hópa og hvor hópur fór í svokallaða „Lubbastund“ einu sinni í viku. Þar var unnið samkvæmt kennsluleiðbeiningum og kom í ljós að börnin lærðu mikið í þessum stundum og höfðu ánægju af þeim.

Unnið var með eitt þema í vetur og var það fjölskyldan. Börnin unnu í litlum hópum þar sem var meðal annars rætt um hvernig fjölskyldur geta verið mismunandi. Hvert barn sagði frá sinni fjölskyldu og börnin teiknuðu og máluðu. Þeim þótti þetta skemmtilegt og áhugavert verkefni og tóku öll virkan þátt.

Heilbrigði og vellíðan er haft að leiðarljósi í öllu starfinu með börnunum. Fyrri part vetrar og fram yfir áramót voru fastir tímar teknir undir slökun/yoga, til þess að styrkja líkamsvitund barnanna og kenna þeim hugarró. Eins og við höfum gert í mörg ár þá fórum við í fjöruna einu sinni í viku og hélt Edda aðstoðarleikskólalastjóri utan um það. Það gekk mjög vel í vetur og unnum við mikið með frásögn og sömdu börnin meðal annars sögu um fjöruna í sameiningu. Baklóðin hefur einnig verið vel nýtt á síðasta skólaári og var það einmitt eitt af markmiðum okkar að nýta hana betur.

Í síðustu áætlun var eitt af markmiðum okkar að þjálfa börnin í að flokka og nýta efnivið betur. Við höfum verið að ræða um þessa þætti við börnin eins og vatnsnotkun, matarsóun og rusl, t.d. í fjörunni og á leikskóla-lóðinni og hvernig t.d. ruslið er flokkað og endurnýtt.

Skráning hefur gengið ágætlega í vetur. Skriflegar skráningar hafa verið í lágmarki en myndskráningar gengið mjög vel.



Annað markmið okkar var að þjálfa börnin í vali en það gekk ekki eins vel og við var að búast. Börnunum fannst erfitt að skilja út á hvað það gekk og þar með tókum við það af dagskrá og fórum að nýta meira flæði þar sem börnin fá að fara frjálst á milli stöðva.

Nýr deildarstjóri tók við í febrúar og leitaðist við að halda deildarskipulaginu óbreyttu til að skiptin yrðu börnunum auðveldari. Ekki er annað að sjá en að börnin, foreldrarnir og starfsfólkið sé sátt og er það mjög ánægjulegt.

### **Lundey:**

Veturinn 2018 – 2019 voru 14 börn á Lundey, 10 börn fædd 2016 og 4 börn fædd 2017. Aðlögun á nýjum börnum gekk vel. Breytingar urðu á deildinni í júní 2018 þegar nýr deildarstjóri tók við. Ekki var farið í að breyta skipulaginu að öðru leyti en því að aðlaga starfið að blönduðum aldri barnanna.

Veturinn gekk ágætlega og okkur fannst að flest námssviðin hefðu fléttast ágætlega inn í starfið okkar.

„Barn vikunnar“ er verkefni sem við tókum í gagnið í vetur og gekk það mjög vel. Þá fara börnin með bangsa heim um helgi og foreldrar skrifa bók hvað gert var um helgina. Síðan er lesið úr bókinni í samverustund á mánudegi og spjallað um það sem gert. Barnið kemur einnig með uppáhalds bókina sína og leikfangið sitt, og fær að sýna börnunum. Eins koma foreldrar með minnislykil með myndum af fjölskyldumeðlimum sem við skoðum saman og ræðum um. Þá fær barn vikunnar einnig að vera aðstoðarmaður við að leggja á borð og sækja matarvagninn.

Við vorum með þrjú markmið í vetur, auka orðaforða, efla sjálfhjálpar barnanna og skapa rólegt umhverfi.

Ágætlega gekk að fylgja þessum markmiðum eftir. Við skipulögðum stundir til að auka orðaforða barnanna og notuðum meðal annars aðferð sem kallast: Gefðu 10. Þar velur maður börn í hverri viku sem fá ca. 10 mínútur á dag þar sem barnið er í fókus. Efling sjálfshjálpar barnanna var fléttað inn í daglega starfið og gekk það vel. Hópastarfið gekk ágætlega þá sérstaklega könnunarleikurinn. En með hópastarfinu náðist líka að skapa rólegra umhverfi eins og lagt var upp með.

Útveran fyrir hádegi hefur gengið vel í vetur og höfum við verið heppin í vetur þar sem útveran féll nánast aldrei niður vegna veðurs.

Við höfðum sett okkur markmið í haust að nýta baklóðina betur en það gekk ekki eins vel og við hefðum viljað.



Markmið Lundeyjar fyrir veturinn 2019-2020 verða:

Umbótaþættir Lundeyjar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Nýta baklóð betur.	Nýta baklóðina betur	Að setja inn fastar stundir á stundatöflu	Frá hausti fram á sumar þegar aðstæður leyfa	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Rætt í samveru við börnin og á deildarfundi starfsfólks	Að börnin fái jákvæða upplifun og njóti þess að vera á baklóð
Skipulagðar hreyfistundir	Að styrkja líkamsvitund barnanna og jákvæða sjálfsmynd þeirra	Að setja inn skipulagðar hreyfistundir einu sinni í viku.	September 2019 til maí 2020	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Rætt í samveru við börnin og á deildarfundi starfsfólks	Gleði, ánægja, vellíðan og velferð barnanna
Skapa rólegt starfsumhverfi	Innri ró og gott jafnvægi barna og starfsfólks	Að skipta börnunum í litla hópa eins oft og hægt er. Nýta öll rími leikskólans.	Í dagskipulagi fyrir og eftir hádegi	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Daglegt mat og deildarfundir	Þægilegt, rólegt og öruggt andrúmsloft á deildinni



## 2.5 Tröllabjarg (Hamrar) deildar

Á deildinni voru 22 börn í vetur og hefur starfið gengið mjög vel. Við vildum gera leikinn markvissari og fjölbreyttari. Deildin var vel nýtt í lítil leiksvæði þar sem börnin gátu valið sér svæði til að vera á. Ef börnin sýndu einhverju leikefni lítinn áhuga var það hvílt eða einhverju nýju bætt í og starfsmenn reyndu að vera meðvitaðir um það að aðstoða börnin við að fara aðrar leiðir í leiknum. Starfsfólk hefur verið til staðar í leiknum til að aðstoða börnin ef þess þarf. Þau tækifæri hafa verið gripin sem gefist hafa til að ræða við börnin, lengja setningar og leggja inn ný orð. Lykilorð sem unnið var með í samstarfinu við Kelduskóla voru notuð í samskiptum barnanna, þau voru t.d. „Að líða eins og blómi í egg“, „Að bjástra og bisa“, „Að verma“ og „Að þreifa“.

Framhaldssögur sem lesnar voru í vetur komu mikið fram í leiknum t.d. Ronja Ræningjadóttir, Bróðir minn Ljónshjarta og Bláihnötturinn. Börnin voru að endursegja og skapa sögunnar á sinn hátt.

Leikgleði einkenndi barnahópinn í vetur.

Mikill áhugi var á málörvun og læsi í vetur. Margar framhaldsögur voru lesnar sem smá þyngdust þegar leið á veturinn. Mikill áhugi var á ritmálinu og voru börnin mjög áhugasöm og skrifuðu mörg þeirra sögur með aðstoð. Sögugrunnur var mikið nýttur í samverustundum. Heilmikill áhugi var á stærðfræði og var mikið reiknað og talið. Mikill áhugi var á spilum og undir voru börnin nær eingöngu að spila, veiðimann, ólsen, þjóf, lönguvitleysu ofl., í litlum hópum um alla deild.

Farið var í gönguferðir í fjöruna reglulega þar sem börnin fylgdust með flóði og fjöru og skoðuðu lífríki fjörunnar.

Tvö þemu voru tekin fyrir í vetur en það var ég sjálfur og fjölskylda mín, og fuglar. Afrakstur fuglaþemans var bók um fuglinn sem barnið valdi sér með myndum af ferlinu.

Starfið var endurmetið reglulega með börnunum í vetur. Þar kom skýrt fram hvað útiveran og leikurinn úti er skemmtilegt, en þegar þau voru spurð hvað þeim þætti skemmtilegast að gera í leikskólanum var útiveran oftast fyrir valinu. Börnin voru líka spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu breyta á leikskólanum og oft var það eitthvað sem snéri að útisvæðinu.

Einnig voru börnin spurð hvað þau hefðu lært í leikskólanum. Þau höfðu lært að vera góð, lita, gera verkefni, kubba, fönndra, vefa ofl.

Út frá þessu hefur kviknað sú hugmynd að spyrja börnin í upphafi vetrar hvað þau langi til að læra í leikskólanum og einnig að halda áfram að endurmeta starfið á deildinni og skoða þá útiveruna sérstaklega.

Ekki hefur gengið nógu vel að vinna með orðagull í ípad þar sem ýmsir erfiðleikar hafa komi upp varðandi þá vinnu en oft var unnið með orðagull sem búið var að ljósrita í vinnustundum. Börnin þekkja samt appið orðagull og eru greinilega að nota það heima hjá sér. Eftir að hafa reynt að vinna



með appið teljum við að skynsamlegra sé að ljósrita upp úr bókinni. Ef unnið er með appið þarf starfsmaður að vera alveg til staðar svo vinnan verði markviss og er það erfitt í barnahóp þetta er miklu betra tæki að vinna með heima með einu barni og foreldri.

Gildi leikskólans, jákvæðni, samvinna og virðing, eru komin upp á vegg á deildinni þar sem starfsfólk og foreldrar sjá þau og eru þau rædd á deildarfundum.

Umbótaþættir Tröllabjargs	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Endurmat barnanna	Að endurmeta starfið reglulega með börnunum. Hvað er það sem gerir útiveruna svona vinsæla?	Ákveðinn tími í hverjum mánuði þar sem endurmatið fer fram.	September til maí 2020.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Spurningar til barnanna einu sinni í mánuði.	Svör barnanna í hverjum mánuði.
Lífsleikni	Að börn og starfsfólk sýni hvert öðru og umhverfi sínu virðingu. Bæta hlustun.	Vinum með dyggðina virðing og styðjumst við líksleikni verkefni frá leikskólunum Síðuseli, Sunnubóli og Krógabóli.	September til maí 2020	Deildarstjóri og starfsfólk.	Endurmetið reglulega á deildarfundum.	Samskipti á deildinni, umgengni og hlustun. Virðing verði rauði þráðurinn í öllu starfi deildarinnar.
Hvert barn setur sér einstaklingsmarkmið	Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt.	Kennari skráir markmið hvers barns.	Markmið sett að hausti og endurmetið að vori.	Deildarstjóri og starfsfólk.	Endurmetið að vori með viðtali við hvert barn.	Ánægja barnsins.





## 2.6 Viðey (Bakki) deildar

Í vetur voru 23 börn á Viðey, 11 börn sem eru fædd 2013 og 12 börn sem eru fædd 2014.

Árgöngunum var mikið skipt niður yfir daginn en við enduðum flesta daga á að koma saman í vali eftir nónhressingu. Í lok desember urðu deildarstjóraskipti á Viðey og voru þá gerðar smá breytingar á deildinni. Yngri hópurinn byrjaði í skipulögðu hópstarfi einu sinni í viku og var Lubbi tekinn inn, báðir hóparnir unnu svo á vorönninni með tvö þema sem voru sögugerð og endurvinnsla. Byrjað var á sögugerðinni í fjörunni þar sem hvor hópurinn fyrir sig bjó til fjöru sögu, síðan var unnið með söguna í listaskálanum þar sem þau bjuggu til bók og teiknuðu myndir af því sem þeim fannst merkilegast í sögunni.

Við fórum í íþróttasalinn í Kelduskóla korpu einu sinni í viku þar sem hóparnir skiptust á að fara.

Fjöruferðir voru einu sinni í viku fyrir hvorn hópinn, í fjörunni var t.d fylgst með flóð og fjöru, flokkað, rætt og fundið hvaða litir eru í fjörunni, farið í ýmsa leiki, rætt um mengun, fundið skeljar, kuðunga, marflær, krabba o.s frv.

Við nýttum listaskálan mikið og útisvæðin hjá okkur fyrir framan og aftan húsið ásamt því að kíkja á rólóvelli í næsta umhverfi. Eldri hópurinn vann í hádegisverkefnum 4 daga vikunnar og svo voru þau í samstarfi með Kelduskóla vík þar sem við fórum uppí skóla einu sinni í viku og unnum allskyns verkefni. Gildi leikskólans virðing, samvinna og jákvæðni voru fléttuð inn í starfið og voru þau hengd upp á vegginn til að gera þau sýnilegri. Starfið hefur gengið frekar vel í vetur og samkvæmt börnunum þá virðist útiveran, fjöruferðirnar og íþróttasalurinn standa uppúr.

Við fórum vel af stað með að endurmeta starfið með börnunum svo þau gætu haft áhrif á starfið. Við viljum hins vegar gera enn betur næsta vetur og halda áfram að leita til barnanna svo að hægt sé að móta starfið betur að þeim.

Það hefur gengið vel að auka málþroska barnanna í leik og starfi þar sem starfsfólk hefur aðstoðað við að þróa leikinn og leggja inn ný orð.

Gripið hjá börnunum var skoðað síðasta haust og var skráningin um það sett í einstaklingsáætlunina í formi námssagna sem foreldrar fengu í vor.




Umbótaþættir Álfabergs	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Endurmat barnanna	Endurmeta starfið með börnunum reglulega	Spyrjum börnin hvað gekk vel og hvað má betur fara. Skrá svörin	Haust- og vorönn	Deildarstjóri ber ábyrgð Allt starfsfólk framkvæmir	Notast við spurningar	Svör barnanna notuð sem viðmið til að skipuleggja starfið
Skráning á samveru	Halda uppi sjáanlegri skráningu	Starfsfólk skráir hvað það gerði í samverunni	Haust- og vorönn	Deildarstjóri ber ábyrgð Allt starfsfólk framkvæmir	Endurmetið á deildarfundum	Fjölbreyttari samverur
Hlutverk okkar í leik barna	Auka málþroska	Starfsfólk fylgist með leik barnanna og aðstoðar við að þróa leikinn og leggja inn ný orð	Haust – og vorönn	Deildarstjóri ber ábyrgð Allt starfsfólk framkvæmir	Endurmetið á deildarfundum	Að hlutverk okkar verði markvissara í leik barnanna



### 3 Ytra mat

Leikskólinn sendi foreldrum í janúar rafræna könnun varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Foreldrar gátu valið um tímabilið 3. júní til 4. september en þurftu að velja fjórar samliggjandi vikur. Þátttaka var góð og var niðurstaðan sú að leikskólinn yrði lokaður frá 17. júlí til 14. ágúst.



Send verður önnur könnun til foreldra í haust til þess að fá þá til að vera með í ákvörðunartöku um vissa atburði á næsta skólaári. Ákveðið var að gera þetta í haust til þess að fá alla foreldra sem verða með okkur næsta vetur með í könnunina. Í könnuninni munum við spyrja um tíma á foreldrafundum, áhuga fyrir sveitaferð og almenna líðan í leikskólanum hjá börnum og foreldrum.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Foreldrakönnun</b>	Að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um vissa atburði á næsta skólaári	Sendum út spurningar í könnun með rafrænum hætti	September 2019 og lýkur október 2019	Aðstoðar- leikskólastjórar	Sendar rafrænar kannanir til foreldra tvisvar sinnum yfir veturinn	Foreldrar séu með í að taka ákvæðanir í starfi leikskólans



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- **Starfsþróunarsamtöl**

Engin starfsþróunarviðtöl voru á síðasta starfsári þar sem leikskólastjóri var í veikindaleyfi. Þau verða í september/október 2019

- **Símenntun frá síðasta ári**

Í Hömrum hafa þrír starfsmenn verið í leikskólakennaranámi í fjarnámi við Háskóla Íslands. Þær hafa farið í 4-5 vikur í senn tvisvar sinnum yfir veturinn í innlotu og vettvangsnám.

Á skipulagsdegi 21. september fyrir hádegi fengum við Rauða krossinn til að halda skyndihjálparnámskeið með öllu starfsfólki Ness.

Á skipulagsdegi 17. október fór starfsfólk Ness á fyrirlesturinn Hugsaðu jákvætt hjá Bjarti Guðmundssyni.

Kynningarmyndband var gert um starfssemi leikskólans Ness undir yfirskriftinni Vinnum með framtíð landsins og má sjá það á slóðinni hér <https://vimeo.com/301819037>

Í apríl fór 12 starfsmenn frá Ness til Brighton á fyrirlesturinn Lion and the castle of laughter sem fjallar um leikgleði ungra barna. Þeir starfsmenn sem voru heima fengu fyrirlestur um jafnrétti og síðan var farið í heimsókn á leikskólann Laufskála.



## 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Unnið er með Söguaðferðina (e.Story-line) í samstarfi við Kelduskóla Vík. Teknir eru fyrir tveir sögurammar yfir veturinn. Ramminn fyrir áramót stendur yfir í átta vikur en tíu vikur eftir áramót og fara börnin einu sinni í viku, 80 mínútur í senn í grunnskólann.

Leitast er við að skapa ævintýraheim þar sem börnin eru þátttakendur og leita sjálf lausna. Umhverfið er hvetjandi þar sem nám barnanna fer fram í gegnum leik.

Fyrir áramót er tekið fyrir gamalt ævintýri og unnið með það en eftir áramót er tekinn fyrir rammi sem heitir Að byrja í grunnskóla og inn í hann eru fléttaðar heimsóknir til sérgreinakennara. Í hverjum ramma er reynt að skapa ævintýraheim sem hvetur börnin til að leita svara eða lausna á einhverjum vandamálum. Mikilvægt er í þessari vinna að gleyma ekki leiknum, því að í gegnum leikinn læra börnin mest. Söguaðferðin er kennsluaðferð sem hentar börnum mjög vel þar sem hún býður upp á spennu og ævintýri. Í lok hvers ramma er haldin hátíð eða sýning þar sem foreldrum er boðið að koma og sjá afraksturinn.

Markmiðin með heimsóknunum er

- að efla enn frekar samvinnu leik- og grunnskóla, þannig að samfellan verði markvissari á milli skólastiganna.
- að í gegnum leik verði börnin undirbúin fyrir næsta skólastig t.d. lestrar- og stafabjálfun, talnaskilning og hugtakaþjálfun.

Hverju skilar starfið

- Eykur sjálfstraust barnanna og þau eignast hlutdeild í grunnskólanum
- Börnin læra á skólaumhverfið og þekkja starfsmenn og reglur skólans
- Eykur áhuga á ritmáli og hvetur börnin til þess að skrifa
- Börnin eru öruggari við upphaf grunnskólagöngunnar

Á síðasta skólaári fórum við á mánudögum og miðvikudögum í Kelduskóla – Vík, með alls 33 börn. Börnunum var skipt niður á þessa daga og fór hvert barn einu sinni í viku. Nánari áætlun fyrir næsta skólaár verður gerð í byrjun september í samráði við grunnskólann. En hér má sjá yfirlit yfir síðasta skólaár.



Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Vor. Júní 2019	Skilafundur elstu barnanna. Hljóm	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum
Ágúst	Undirbúnings og skipulagsfundur fyrir vinnu vetrarins	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum
Allt árið um kring	Tveir elstu árgangarnir á Bakka fara einu sinni í viku allt árið í íþróttasal Kelduskóla Korpu. Elstu börnin í Hömrum fara á skipulagsdögum í íþróttasal Vík	Kelduskóli Korpa Kelduskóli Vík	Deildarstjórar
Október til nóvember	1.bekkur kemur í heimsókn í Nes tvisvar sinnum	Nes Hamrar	Deildarstjóri og kennari 1. bekkjar
September til nóvember	Rammi. Börnin hlusta á ævintýri og vinna markvisst með orð og annað úr ævintýrinu. Hvert barn fer einu sinni í viku í 8 vikur í senn	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum
16. nóvember	Börn í 5. bekk koma og lesa fyrir öll börn í Hömrum á degi íslenskrar tungu	Nes Hamrar	Kennarar 5. bekkjar og stjórnendur í Nes Hamrar
Desember	Fundur vegna skipulagningar vorannar	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum
Janúar til mars	Rammi. Börnin búa til grunnskólabarnið sitt. Í þeirri vinnu hitta þau alla sérgreinakennara í Kelduskóla Vík. Hvert barn fer einu sinni í viku í 8 vikur í senn	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum



Apríl og maí	Börnin fara í heimsókn með 1. bekk. Þar eru þau í 80 mín í tíma, borða nesti og fara í frímínútur	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum
Febrúar til maí	Börnin fara 6 sinnum á þessu tímabili í heimsókn í frístund í Kelduskóla Vík og Korpu.	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum
Mars	Börnunum er boðið á genaralsýningar á leikritum hjá 4. og 5. bekk Kelduskóla Vík	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum
Maí	Fundur deildarstjóra og verkefnastjóra um hvernig gekk í vetur og hvert verður framhaldið næsta vetur	Kelduskóli Vík	Deildarstjóri og verkefnastjóri í grunnskólanum

Sjá endurmat á starfi síðasta vetrar í fylgiskjali 4



## 6 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð.**

Foreldraráð skipa 3 foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er annað hvert ár að hausti. Hópurinn hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlestrar auk annarra mála sem upp koma. Engin föst áætlun er yfir fundina en foreldraráðið ásamt leikskólastjóra eru með lokaðan spjallhóp á facebook þar sem þau ræða það sem er framundan. Eitt foreldraráð verður starfandi í Nesi.

- **Foreldrafundir**

Einn foreldrafundur er haldin á ári og er hann í september. Þar er farið yfir vinnu vetrarins. Fyrst hittast allir í sal þar sem foreldrar eru boðnir velkomnir og farið yfir ýmsar upplýsingar og kynningu á starfsfólki sem er utandeilda. Síðan fara foreldrar inn á deildar hjá sínu barni þar sem deildarstjóri ásamt starfsfólki fer yfir efni sem við komum til með að vinna með næsta vetur. Hamrar verða með fund 25. september og Bakki 24. september

- **Foreldraviðtöl**

Foreldrar nýrra barna koma í viðtöl á vorin áður en barnið byrjar í leikskólanum. Í viðtölunum fá deildarstjórar upplýsingar um barnið og foreldrar fá upplýsingar um leikskólann, starfið og hvernig aðlögun er háttað. Foreldraviðtöl barna í leikskólanum eru tvisvar á ári, eitt í október og hitt í marz. Í Hömrum gera deildarstjórar einstaklingsáætlun fyrir hvert barn og fara yfir hana með foreldrum í viðtalinu. Í Bakka eru gerðar námsöguskráningar sem er síðan farið yfir í foreldraviðtölum að vori. Foreldrar skrá sig í viðtölin á blaði sem er á hurð deildar.

- **Foreldrafélag.**

Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi leikskólans. Í stjórn eru foreldrar frá flestum deildum. Valið er í stjórnina á haustin. Foreldrafélagið skipuleggur og fjármagnar ýmsar uppákomur í leikskólanum fyrir börnin í samstarfi við starfsfólk. Þau senda út gíróseðla tvisvar á ári sem nýtist í það sem foreldrafélagið stendur fyrir. Þau sjá um jólagjafir, piparkökumálun fyrir jólin, borga leiksýningu sem kemur í leikskólann, sumarhátíð og sveitaferð sem farin er að vori.





## 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

2. október 2019. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi.

1. nóvember 2019. Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl

2. janúar 2020

7. febrúar 2020. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi.

13. mars 2020

11. maí 2020.

Sjá leikskóladagatal í viðhengi 7

## 8 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 4 - Lokaskýrsla frá samstarfi við Kelduskóla Vík

Fylgiskjal – 5 Endurmat barna á Tröllabjargi

Fylgiskjal – 6 Langtímaáætlun Ness

Fylgiskjal – 7 Leikskóladagatal

F. h. leikskólans .....

\_\_\_\_\_  
Erna Jónsdóttir \_\_\_\_\_ 26.6.2019 \_\_\_\_\_  
Leikskólastjóri Dagsetning



## 9 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Í leikskólanum Nesi eru sjö börn sem hafa notið stuðnings á síðasta skólaári. Þar af tvö börn á Bakka og fimm börn á Hömrum. Þar af er eitt barn með tíma í 1. flokki. Það hafa þrjú kennarar sinnt þessum sjö börnum í vetur, einn á Bakka og tveir á Hömrum.

Að mestum hluta vetrarins hefur verið starfandi einn sérkennslustjóri í báðum starfsstöðvum. Það urðu breytingar í sérkennslu þann 1. maí 2019, nýr sérkennslustjóri tók við í hlutastarfi á Hömrum þar sem núverandi sérkennslustjóri tók við aðstoðarleikskólastjórastöðu á Bakka. Svo nú starfa tveir sérkennslustjórar á Nesi.

Sérkennslustjórar hafa yfirumsjón með þeim börnum sem hljóta stuðning og/eða sýna einhverskonar frávik hvað varðar þroska. Sérkennslustjórnir sjá um gerð einstaklingsáætlana fyrir þau börn sem eru með stuðning, ásamt deildarstjórum. Sérkennslustjórar bera einnig ábyrgð á þeim börnum sem eru í athugun og gefa ráðgjöf inn á deildar hvað það varðar. Í einstaka tilfellum vinna þeir einnig með þau börn sem eru á bið eftir greiningu. Sérkennslustjórar eru í góðri samvinnu við þjónustumiðstöðina Miðgarð, þá sérkennslu- og hegðunarráðgjafa og sálfræðing. Það er einnig starfandi talmeinafræðingur sem kemur inn á leikskólann, tvisvar á hverju skólaári. Í þessum lotum kemur hann einu sinni í viku inn á leikskólann í 6 til 8 vikur og vinnur með þau börn sem eru með málþroskafrávik og/eða leggur fyrir málþroskamat.

Við leggjum mikla áherslu snemmtæka íhlutun á leikskólanum Nesi. Snemmtæk íhlutun er byggð á faglegru og markvissri þjálfun sem getur komið í veg fyrir erfiðleika seinna á þroskaferli barnsins. Málörvun er okkur ofarlega í huga þegar kemur að snemmtækri íhlutun. Það er mjög mikilvægt fyrir barnið að geta tjáð sig þar sem málið er eitt lyklatríðið í samskiptum, það er einmitt þannig sem börnin læra best, í samskiptum við önnur börn og fullorðna.

Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum barna sem hljóta stuðning, á ca. 6 til 8 vikna fresti. Þar er farið yfir helstu markmið barnsins og hvernig bæði leikskólinn og foreldrar geti unnið með þau saman til þess að ná sem mestum árangri.



Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	6	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	4	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já/nei	Læsisstefna sem er í endurskoðun.
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já/nei	Október 2019 – endurskoðun.
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins. Stofur með talmeinafræðingum.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

### Niðurstöður innra mats

Eitt af markmiðum okkar var að sérkennslustjóri myndi koma inn á deildarfundum annan hvern mánuð á hverri deild. Á Bakka gekk þetta með ágætum og kom sérkennslustjóri inn á deildarfundum ca. tvisvar yfir skólaárið. Á Hömrum kom sérkennslustjóri einungis á einn deildarfund, hjá hverri deild, yfir skólaárið. Samvinna sérkennslustjóra og deilda á leikskólanum gekk þó vel. Sérkennslustjóri kom oftast inná sumar deildar ef upp komu verkefni og þörf var á ráðgjöf meðal annars til að takast á við þau.

Lagt var upp með, skólaárið 2018 – 2019, að leggja TRAS málþroskaskimun fyrir öll börn fædd 2015 og seinna. Það náðist með ágætum, TRAS var lagt fyrir flest börn á Hömrum. En á Bakka náðist ekki



að leggja fyrir öll þau börn sem lagt var upp með fyrir síðastliðið skólaár. Allir faglærðir deildarstjórar á leikskólanum hafa sótt TRAS námskeið á síðasta ári.

Deildarstjórar og sérkennslustjórar eru að vinna í sameiningu að því hvernig það sé ákjósanlegast að skipuleggja og ná að leggja TRAS fyrir öll börn á leikskólanum í framtíðinni.

Umbótaþætti r Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Vera með markvissa ráðgjöf inná deildar hvað varðar sérkennslu</b>	Fylgjast með að það sé unnið markvisst með þau börn sem sýna frávik í þroska, sama hversu mikil. Byrja að vinna með þau börn strax.	Koma inná deildarfundi annan hvern mánuð.	Byrja í september 2019 og lýkur í maí 2020.	Sérkennslu- Stjórar.	Verður metið á deildarstjóraf undi vorið 2020.	Auka snemmtæka íhlutun og byrja fyrir að vinna með þau börn sem sýna frávik í þroska.
<b>Leggja TRAS málþroska – skimun fyrir öll börn á Nesi.</b>	Finna sem fyrst þau börn sem sýna frávik þroska og koma í veg fyrir hugsanlega erfileika seinna á þroskaferlinu.	Byrja að leggja TRAS fyrir öll börn fædd 2016 og seinna.	Byrja í september 2019. Þetta verkefni mun halda áfram.	Deildar - og sérkennslu – stjórar.	Verður metið á deildar – stjórafundi vorið 2019.	Byrja fyrir að vinna með þau börn sem sýna frávik í þroska.



## 10 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Tengiliður fjölmennningar er Ragna Kristín. Ragna er annar sérkennslustjórinn hjá okkur og aðstoðarleikskólastjóri á Bakka. Hún situr í fjölmenningarteymi hjá skóla- og frístundarsviði sem Saga Stephensen stýrir. Þetta teymi hittist fjórum til sex sinnum á hverju skólaári þar sem ýmis fræðsla fer fram. Ragna hefur einnig verið með fræðslu fyrir deildarstjóra um fjöltyngi.

Við fengum úthlutað núna í mars 2018 sérstöku fjármangi til þess að vinna með börnum með annað móðurmál en íslensku. Við höfum nýtt það til þess að styðja við þau börn sem hafa þurft á miklum stuðning hvað varðar tungumálið. Einnig höfum við keypt spil og önnur gögn sem nýtast í þessari vinnu.

Þegar barn með annað móðurmál en íslensku byrjar hjá okkur er alltaf tekið viðtal við foreldra áður en barnið byrjar. Í viðtalinu er túlkur, ef þörf þykir, og þá er farið yfir það helsta sem tengist starfinu ásamt praktískum upplýsingum. Ef börn og foreldrar tala enga íslensku höfum við fengið túlk sem fylgir barninu fyrstu dagana í aðlögun. Einnig höfum við í þessum tilfellum haldið fundi einu sinni í mánuði þar sem við höfum farið yfir mánaðarplan deildarinnar. Þá getum við útskýrt alla uppákomudaga og almenna frídaga og hátíðir. Við höfum einnig nýtt okkur ípad sem samskiptatæki. Börnin hafa fengið að taka hann heim og taka myndir og öfugt, við höfum líka tekið myndir og myndbönd í leikskólanum sem foreldra hafa skoðað heima. Þetta hefur aukið tengingu á milli heimili og skóla hjá þeim sem tala enga íslensku.



Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Í daglegu starfi, í málörvunarstundum (einstaklings eða í hóp) og verkefnavinnu í hóp inná deild.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Í daglegu starfi, í málörvunarstundum (einstakling eða í hóp, og verkefnavinnu í hóp inná deild.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Kennarar eru meðvitaðir um það að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi á leikskólanum.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Það er gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn á Nesi. Einnig nýtum við okkur málþroskaskimanir eins og TRAS.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Kennarar eru vakandi fyrir málþroska barnanna eins vel og kostur er á hverju sinni. Unnið er í daglegu starfi með málið. Börnin eru hvött til að tjá sig og segja frá. Málörvunarstundir, verkefnavinna og samverustundir meðal annars er nýttar til að huga að virkni og þátttöku barnanna á leikskólanum.

### Niðurstöður innra mats

Líkt og hefur komið fram hér að ofan er lögð mikil áhersla á snemmtæka íhlutun á leikskólanum og málörvun er okkur ofarlega í huga. Það er mikilvægt barn geti tjáð sig og haft samskipti við önnur börn og fullorðna svo við leggjum upp með að bjóða tvítyngdum gott málumhverfi í íslensku. Síðasta skólaár gekk með ágætum en leggjum upp með að vinna frekar með fjölmenningu á næsta skólaári.




Umbótaþættir Annað móður. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari vinna með tvítyngdum börnum í samvinnu við deildar.	Auka vinnu með tvítyngdum börnum svo þau nái tókum á íslensku eins best er á kosið.	Með skipulögðum vinnu – stundum. Einstaklings eða í hóp.	September 2019 til maí 2020.	Deildar - og sérkennslu- stjórar.	Metið á deildar – stjórufundi vorið 2020.	Grípa sem fyrst inn hjá þeim börnum sem ekki eru með íslensku sem móðurmál. Til að koma í veg fyrir vandamál í mál og læsi síðar á skólagöngu barnsins.
Sameiginlegt verkefni leikskólans í sambandi við fjölmenningu.	Að þjóðerni barnanna sé sýnilegra.	Fánar þjóða sýnilegir í leikskólanum og annað efni tengt menningu.	September 2019 til maí 2020.	Sérkennslu – stjórar.	Metið á deildar – stjórufundi vorið 2020.	Fjölbreytileik i sé sýnilegur í húsinu.



## 11 Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2019 – 2020 Nes



## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

Veróníka Björk Gunnarsdóttir

Katrín Björk Þórhallsdóttir

Daníel Martyn Knipe

Arna Lind Sigurðardóttir

Alti Már Jónsson





## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

## Umsögn foreldraráðs:

Á síðasta ári voru 2 foreldraráð í leikskólanum og því verða umsagnirnar tvær í ár. Næsta ár verður eitt foreldraráð.



## Umsögn foreldraráðs Hamra:

Foreldraráðið er sammála öllum helstu áherslum leikskólans. Við teljum mikilvægt að kennsla barnanna sé fjölbreytt og skapandi.

Það er mjög jákvætt að sjá að það gengur vel með þær áherslur sem voru lagðar fyrir síðasta vetur. Foreldraráðið telur endurmat barna vera mikilvægan lið í starfsemi leikskólans. Það er nauðsynlegt að börnin, sem eru helstu þátttakendur í námsefni leikskólans, hafi eitthvað að segja um þau verkefni sem lögð eru fyrir.

Það er vel þess virði að skoða áhuga eldri barnanna á útiveru en hana telur foreldraráðið vera með mikilvægari athöfnum sem börnin stunda þar sem tæknivæðing er stöðugt að verða meira áberandi. Þess vegna ætti að skoða hvað hægt er að gera til þess að hafa útiveru fjölbreyttari hjá eldri börnum þar sem þau læra betur á umhverfi sitt og hreyfa sig meira. Inn í þetta falla fjöruferðir og gönguferðir og ánægja barnanna með þær ferðir sýna að þau vilja læra meira um nærumhverfið og náttúruna.

Foreldrakannanir eru áfram frábær leið til þess að halda uppi betra upplýsingaflæði milli leikskólans og foreldra. Auk þess telur foreldraráðið það vera mjög jákvætt að foreldrar hafi möguleika á meiri þátttöku í mikilvægum málefnum sem snúa að börnunum (t.d. varðandi sumarfrí og það sem gerist næsta haust).

Gott er að TRAS og fyrri inngrip í málörvun barna sé orðið að staðföstu verklagi og að mati foreldraráðsins er mikilvægt að þetta starf haldi áfram.

Samstarf Hamra við Kelduskóla er mjög gott framtak. Það væri gott að halda því áfram og efla.

Foreldraráðið myndi vilja sjá aukna áherslu á notkun Numicon kubba þar sem þeir eru fjölbreyttur efniviður sem eykur á færni barna (t.d. í stærðfræði).

**Veróníka Björk Gunnarsdóttir**

**Katrín Björk Þórhallsdóttir**

**Daníel Martyn Knipe**



## Umsögn foreldraráðs Bakka 2019

Foreldraráð Bakka er í megin atriðum ánægt með starfsáætlun vetrarins 2019-2020.

Mikilvægt er að starfsstöðvarnar tvær Bakki og Hamrar fái að halda sínum sérstöðum og erum við ánægð að sjá að verið sé að rýna í síðasta vetur og markmið sett fyrir hvora starfsstöð um það sem betur má fara. Umbótaráætlun er hnitmiðuð og skýr.

Foreldraráði finnst áætlun taka mið af þörfum bæði einstaklinga og hópa sem og mismunandi þörfum barna.

Við skoðun á dagatali var tekið eftir að fjölskyldukaffi er á Hömrum en bóndakaffi á Bakka.

Það er ekkert konukaffi á Bakka.

### Hamrar

Foreldraráð Bakka þekkir ekki starfið á Hömrum persónulega en finnst standa uppúr eftir að hafa lesið starfsáætlun að starfsfólk Hamra virðist ekki ná að vinna nógu vel saman.

Mikilvægt er að hafa reglulega fundi til þess að samstillja starfsfólk og fara yfir það sem gengur vel og það sem betur má fara. Mikilvægt er að fylgja þessu eftir og gott að þetta sé eitt af markmiðum leikskólans. Tekið var eftir að mikil ábyrgð er á deildastjóra að fylgja eftir verkefnum en þá teljum við mikilvægt að deila ábyrgð á aðra starfsmenn svo hver hafi sitt hlutverk. Einnig er mikilvægt að hver starfsmaður hafi í umsjón ákveðin hóp barna svo ekkert barna verði útundan.

### Bakki

Foreldraráð er ánægt með hversu mikill samgangur er á milli deilda á Bakka og hefur trú á að samvinna gangi vel bæði milli kennara og milli nemenda.

Nú verður breyting á Bakka og verða einungis tvær deildir en ekki þrjár eins og verið hefur. Eftir lestur á starfsáætlun Hamra eru áhyggjur af þessu fyrirkomulagi þar sem þetta virtist ekki vera að ganga vel á Hömrum. Mikilvægt að taka það sem gekk vel á Hömrum og flytja þann lærdóm yfir á Bakka. Aðlögun á Bakka hefur að undanfögnu gengið mjög vel og verður það vonandi áfram. Hvernig starfi verður háttað í nýju fyrirkomulagi er ekki nógu skýrt í starfsáætlun.

Almenn ánægja er með hvernig skólinn tengir heilsuefli inn í starfið eins og með reglulegum heimsóknum í íþróttahúsið. Við myndum vilja sjá meiri notkun á jóga og slökun inna á báðar deildir en það var eingöngu á Þerney síðasta vetur. Jóga og slökun kennir börnunum á líkama sinn og hvernig finna á innri ró sem er mikilvægt í nútíma þjóðfélagi.

Mjög mikil ánægja er með reglulegar fjöruferðir og er mikilvægt að halda þeim áfram þar sem þetta er eitt af sérstöðum leikskólans.

Mikil áhersla er lögð á útiveru sem börnunum finnst gaman og þætti okkur gaman að sjá meiri not af baklóðinni og þannig að baklóðin væri sett í vikulega dagskrá barnanna þar sem hún býður upp á mikla möguleika og ýtir undir ímyndunarleik og frjóhugsun. Þetta er markmið á Lundey en mætti einnig vera á Viðey.

Á leikskólalóðinni er möguleiki á matjurtagarði og væri það skemmtileg viðbót að nýta það. Einnig mætti bæta umhirðu á lóðinni en það safnast mikill sandur og steinar á planinu sem mætti sópa reglulega.

Samstarf leikskóla og grunnskóla er gott og er mikilvægt á meðan Kelduskóli Korpa er enn starfandi að halda góðu samstarfi við skólann og að samræmi ríki milli Hamra og Víkur og Bakka og Korpu. Vegna óvissu um framhald Kelduskóla Korpu er mikilvægt að nemendur Bakka heimsæki Kelduskóla Vík jafnt við Korpu.



Það er gaman að sjá að kennarar Bakka virðast fá mikið af hugmyndum frá börnunum og vinna starfið í samvinnu við þau.

Gott er að sjá að markmið sé sett á að auka skráningar en mikill skortur hefur verið á þeim og þá sérstaklega til foreldra eftir að bannað var að nota facebook og engin heimasíða enn tekin í notkun.

Það var mikið um mannabreytingar síðasta vetur á Bakka og virðast þær hafa gengið vel. Það er þó mikilvægt að viðhalda því frábæra starfi sem fyrrum stjórnendur voru búnir að festa í sessi.

Í starfsáætlun stendur að foreldraráð hittist þrisvar til fjórum sinnum á ári. Nú hefur undirrituð setið í ráðinu í 3 ár en aldrei verið boðuð á fund. Einnig stendur að starfandi sé lokaður spjallhópur á facebook þar sem hægt er að ræða það sem er framundan en ekki er vitað af þessum hópi. Það mætti því bæta upplýsingaflæði við foreldraráð til muna.

Að lokum verður að nefna að menntuðum leikskólakennurum hefur fækkað gríðarlega og er ákveðinn áhyggjupáttur. Þá er mikilvægt að leikskólakennarar séu allir samstíga og fylgi sömu stefnu og gildum. Stefna og gildi leikskólans mætti vera meira áberandi til allra, foreldra, barna og starfsfólks.

Framtíðaráætlun skólans mætti vera skýrari og útrýma mætti óvissupáttum varðandi framhald skólans.

Fh foreldraráðs Nes-Bakka

Arna Lind Sigurðardóttir.



## 12 Fylgiskjal 4 - Lokaskýrsla frá samstarfi við Kelduskóla

### Skólaárið 2018 - 2019

Nemendur voru 33 frá Hömrum komu 22 og frá Bakka 11 og var hópnum skipt í tvennt. Kennari og starfsmaður fylgja börnunum af leikskólanum og eru virkir þátttakendur í starfinu. Skólaárinu var skipt upp í tvö þemu eitt fyrir áramót og annað eftir áramót. Samstarfið byggir á aðferðum Söguaðferðarinnar. Fyrri ramminn var út frá sögunni: Kötturinn sem hvarf, ljóð og myndir eftir listakonuna Nínu Tryggvadóttur og stóð vinnan í 8 vikur. Seinni ramminn: Að byrja í grunnskóla, stóð í 10 vikur. Hvor hópur kemur einu sinni í viku og er heimsóknin 80 mínútur í senn

Við upphaf söguramma að hausti fóru allir nemendur í könnunarferð um skólann. Í vinnu við sögurammann eftir áramót fóru nemendur í heimsóknir í íþróttir og verk- og listgreinar hittu kennara og nemendur þar. Tóku þátt í tíma og unnu jafnframt verkefni sem féllu að rammanum sem unnið var að. Sögurömmunum lauk með sérstakri viðhöfn. Í fyrra skiptið var sagan lesin í heild sinni og nemendur sáu og upplifðu myndskreytingar listamannsins og léku sjálfir þá þætti sögunnar sem þeir óskuðu eftir. Við lok seinna rammans kynntu nemendur vinnu sína á sal skólans og buðu foreldrum sínum. Við lok beggja rammanna voru veitingar í boði skólans. Afrakstur af vinnu barnanna var settur upp á göngugötu skólans.

### Kennslurammar / þemu

Fyrri þema vetrarins var ævintýratengt þar var m.a. unnið með orð, orðaforða, málshætti, orðatiltæki, bókstafi og ritun. Seinna þemað: Að byrja í grunnskóla er liður í undirbúningi fyrir væntanlega grunnskólagöngu. Upphaf og lok hverrar heimsóknar er ávallt með sama sniði til að marka upphaf og enda hverrar samveru.

### Kötturinn sem hvarf

#### Yfirmarkmið:

Að börnin efli orðaforða sinn læri ný orð, málshætti, orðatiltæki og samheiti

Að börnin efli tjáningu og framkomu.

Að börnin geti sett sig í spor annarra og fundið lausnir

Að börnin vinni með bókstafi, ritun, orð

Að börnin efli með sér samvinnu og sköpun



Að börnin kynnist möguleikum ævintýrisins.

Í þessum ramma er umfjöllunarefnið samkennd, tilfinningar og ímyndunaraflíð. Nemendur velta fyrir sér möguleikum ævintýrisins og trúveruleika og að setja sig í spor annarra.

## **Að byrja í grunnskóla**

### **Yfirmarkmið:**

Að börnin deili sameiginlegum væntingum sínum.

Að börnin efli sjálfsvitund sína

Að börnin efli tjáningu og framkomu

Að börnin efli samvinnu og samskipti

Að börnin vinni með bókstafi, ritun, orð

Að börnin taki þátt í markvissri málörvun.

Í þessum ramma er umfjöllunarefnið vinátta, tilfinningar og aðlögun að því að skipta um skólaumhverfi og ræða þær breytingar sem væntanlega eru við að fara yfir á annað skólastig. Farið er í heimsóknir í sérgreinastofur og unnin verkefni sem tengjast viðfangsefninu.

Kennsluramma í heild má finna á sameign Kelduskóla – Vík.

### **Almennt um samstarfið**

Haldin var fundur í upphafi skólaárs með þeim sem komu að starfinu til að leggja línur fyrir skólaárið. Ákveðið var að vera með tvo söguramma. Við annarskil var endurmatsfundur og var ánægja með hvernig tiltókst með söguramman fyrir áramót. Á þennan fund kom umsjónarkennari 1. bekkjar og skólaheimsóknir leikskólabarnanna á vorönn skipulagðar.

Nemendur 1. bekkjar í Vík fóru í þrjár heimsóknir í Leikskólann Hamra fyrir áramót og hliðstæðar heimsóknir voru milli Bakka og Korpu

Heimsóknir elstu barna leikskólans í 1. bekk að vori voru eins og verið hefur. Þessar heimsóknir hefjast þegar líður á skólaárið og vinnan með söguramma er lokið eða u.þ.b. í apríl og maí. Leikskólabörnin koma tvisvar í skólann borða nesti og fara í frímínútur og taka þátt í þeim verkefnum sem eru í 1. bekk hverju sinni. Leikskólabörnin af Bakka fóru í Korpu og börnin á Hömrum fóru í Vík.



Á matsfundi í lok skólaárs var niðurstaðan sú að samstarfið hafi gengið vel. Hugmynd kom uppi um að í stað þess að leikskólabörnin komi með nesti í heimsókn að vori í 1. bekk. Fái þau ávaxtabita líkt og er í boði fyrir nemendur skólans og falli þá betur að væntanlegu skólastarfi.

Myndir af starfinu er á sameign skólans.

### **Lokaorð**

Það álit okkar sem að þessari vinnu standa að vert er að halda henni áfram. Börnin koma örugg í grunnskólann í skólabyrjun og foreldrar sýna starfinu áhuga og verða öruggari við upphaf grunnskólagöngu barna sinna.

Reykjavík 3. júní 2019

Kelduskóli – Vík

María Haraldsdóttir.





## 13 Fylgiskjal 5 - Mat elstu barnanna á Nesi/Hömrúm

Rætt var við börnin einu sinni í mánuði. Kennari sem sat með þeim til borðs í hádegi ræddi við þau eftir matinn.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í Leikskólanum?

### September:

- fara út
- leika úti þegar er sól
- lita
- drekka
- fara í legó
- fara í búðardót og skrifstofudót
- fara í salinn
- fara í holukubba
- spila
- útivera
- starwars úti

Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta?

- Að vera alltaf úti
- Fara í fourthnight úti
- vera alltaf inni
- fara í heimsókn á Hulduhól
- fara beint í skólann
- fá vegasalt
- fara alltaf í úlpu, húfu og skó nema þegar það er rigning



### Október

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- gera verkefni
- fara út og róla í litlu rólunni
- hjóla úti



- berjast úti og róla
- fara upp á stóra þak

Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta?

- læra meira
- hafa eitt dót á sömu mottu í koti
- vera á bleika borðinu
- hafa Íslands vegg á minni deild



## Nóvember

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

- allt, perla
- perla
- leika með bíla, teikna, lita, barbí
- leika úti á sleðanum
- perla
- úti á sleða

Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta?

- fara út fyrir girðinguna
- vantar meira barbí, stráka



## Desember

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- í mömmó
- lita og láta einhvern annan teikna með blýant fyrir mig
- holukubbar 3
- leika í salnum
- gera verkefni
- róla í litlu rólunni
- renna 2
- róla 4
- perla



- fara út og leika 2
- fara í fótbolta

Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta?

- Hurðirnar eiga að vera cheerios
- fara í starwars úti
- breyta borðum og sætum
- hafa byssur

## Janúar

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- dótadagur af því þá má koma með dót
- koma með dót og fá að prófa annað dót
- skemmtilegast að fá að prófa annað dót
- fara með dót í leikskólann og fá að borða pítu, pulsu, hamborgar og kjöt
- hafa búningadag
- leika úti í feluleik
- leika í boltaleik
- róla í litlu rólunni
- leika á sleða

Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta?

- skemmtilegri samveru, lesa bara eina blaðsíðu og leika svo

## Febrúar

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- leika úti 2
- róla 2
- leika úti og gera snjókarl
- leika í smellukubbum
- leira 2
- leika í segulkubbum
- byggja hús ú plúskubbum 2
- allt
- að leika við alla vini mína
- lita
- fara í göngutúr og vera úti að róla með vinum mínum
- gaman að leika inni

Er eitthvað sem þú myndir vilja breyta?

- ekki neinu



- garðinum, fá vegasalt og stærri rólur
- fá aparólu

### Mars

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- fara út og leika á sleða
- skemmtilegast að lita
- fara út í skóla
- skemmtilegast að leika
- teikna
- keyra bíl
- skrifa stafi

Vildu engu breyta þarna.



### Apríl

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?

- úti að leika
- úti að hoppa í pollum
- úti í fótbolta með hinum strákunum 2
- leika úti í kastalanum

Vildu engu breyta þarna.

Þegar börnin voru spurð hvað þau hefðu lært leikskólanum voru svörin þessi:

- að lita
- að gera verkefni 2
- að teikna fiðrildi
- að vera góður
- að lita trúð og jólasvein
- að kubba
- að kubba turn
- fönndra, búa til tré úr fönndri
- að lesa og baka
- teikna
- að mála
- fótbolta
- æft mig meira í fótbolta og málað flottar myndir
- að gera páskaegg án leiðbeining
- að vefa



## 14 Fylgiskjal 6 – Langtímaáætlun/Matsáætlun leikskólans Nes

Eftirfarandi þætti munum við vinna með á sameiginlegum grundvelli næsta árs. Byrjað var að vinna með Lubba og fjöruverkefnið á báðum starfsstöðum síðasta vetur. Verkefnin gengu vel og verður áfram unnið með þau næsta vetur.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnih ópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Einingakubbar (Unit blocks)</b>	Að fræða allt starfsfólk um tilgang og notkun eininga-kubba. Að börnin þekki form, fjölda og auki hugtaka- skilning barnanna	Með fræðslu og fyrir- lesturum á skipulags- dögum	Hefst haust 2019 og lýkur vor 2020	Stjórnendur	Metið á deildar- fundum og deildar- stjóra- fundum	Að börnin geti nýtt sér stærðfræðina á bak við kubbana í leik
<b>Numicon</b>	Gera kubbana sýnilega og nota þá með sem flestum efnivið	Rifja upp og fá fræðslu á skipulags- dögum og starfsmanna- fundum	Haust 2019 og lýkur vor 2020	Stjórnendur	Endurmetið að vori 2020 á skipulags- degi	Að börnin geti nýtt sér kubbana í allan leik t.d. búðarleik- og hlutverkaleik
<b>Lubbi</b>	Að börnin æfi málhljóðin	Lubbaverk- efnið var kynnt starfs- fólki Bakka á síðasta starfsári og heldur sú vinna áfram þetta starfsár	Haust 2019 og lýkur vor 2020	Deildarstjórar	Endurmetið á deildar- fundum yfir veturinn	Að Lubbastundir verði liður í starfi Bakka.



<b>Fjaran</b>	Að börnin kynnist lífinu í fjörunni og læri að umgangast það sem þar er.	Elstu börn Hamra fari einu sinni í mánuði yfir veturinn í fjöruferðir með Bakka.	Haust 2019 og lýkur vor 2020	Deildarstjórar	Endurmetum á deildarfundum yfir veturinn.	Að fjöruferðir verði liður í starfi Hamra. Börnin læri að virða og umgangast lífríkið í fjörunni.
<b>Tras</b>	Að allir deildarstjórar fari á TRAS námskeið og leggi það fyrir öll börn	Þegar námskeið eru auglýst hjá endurmenntun	Haust 2019- vor 2020	Stjórnendur	Vor 2020	TRAS sé lagt fyrir öll börnin í leikskólanum fædd 2015 og 2016
<b>Sköpun og sjálfsefning (grundvallarþættir menntastefnu)</b>	Að efla sköpunarstarf og sjálfsefningu barnanna á leikskólanum. Að hafa það að leiðarljósi að virkja börn í þátttöku í leik og starfi á lýðræðislegan hátt.	Við leggjum upp með að hafa starfsmann sem heldur utan um verkefnið og koma hugmyndum í framkvæmd. Lagt verður upp með að verkefnið verði samvinnu verkefni starfsfólks á leikskólanum.	Haust 2019 – vor 2020	Stjórnendur	Árangur verður metinn á deildarstjórafundi. Fyrst í janúar og síðar í lok verkefnis. Einnig viljum við heyra skoðun barnanna. Lagt verður upp með skipta börnunum í litla hópa þar sem verkefnið verður rætt og þau svara spurningum.	Við viljum að börnin geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi sem að okkar mati mun efla sjálfs- traust og sjálfefningu.





# Leikskóladaatal 2019-2020

	Ágúst		September		Október		Nóvember		Desember		Janúar
1	F		1 S		1 Þ		1 F Skipulagsdagur		1 S		1 M Nýársdagur
2	F		2 M Aðlögun		2 M Skipulagsdagur		2 L		2 M		2 F Skipulagsdagur
3	L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F
4	S		4 M		4 F Spiladagur		4 M Foreldrav. Tröllabj		4 M		4 L
5	M	Friðdagur veslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ Foreldrav. Tröllabj		5 F		5 S
6	Þ		6 F Leikfangadagur eldri		6 S		6 M Foreldrav.		6 F Vínafundur (T)		6 M
7	M		7 L		7 M		7 F Foreldrav.		7 L		7 Þ
8	F		8 S Dagur læsis		8 Þ		8 F Baráttud. gegn einelti		8 S		8 M
9	F		9 M Aðlögun		9 M Jarðskjálftæfing		9 L		9 M		9 F
10	L		10 Þ		10 F		10 S Feðradagurinn		10 Þ		10 F Leikfangadagur
11	S		11 M		11 F Bleikur dagur		11 M Foreldrav.		11 M		11 L
12	M		12 F		12 L		12 Þ Foreldrav.		12 F Vasaljósadagur. Vínafundur (Á)		12 S
13	Þ		13 F		13 S		13 M Foreldrav. Nestisdagur		13 F Jólabball		13 M
14	M		14 L		14 M		14 F Foreldrav.		14 L		14 Þ
15	F	Opnum e. sumarfrí	15 S		15 Þ		15 F Foreldrav.		15 S		15 M Nestisdagur
16	F		16 M Dagur ísl. náttúru		16 M		16 L		16 M		16 F
17	L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F
18	S		18 M		18 F		18 M		18 M Jólalegur dagur		18 L
19	M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S
20	Þ		20 F		20 S		20 M Dagur mannréttinda barna		20 F Vínafundur (D)		20 M
21	M		21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ
22	F		22 S		22 Þ		22 F		22 S		22 M
23	F		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F
24	L	Menningarótt	24 Þ Foreldrafundur Bakka kl.18		24 F		24 S Brunaæfing í vikunni		24 Þ Aðfangadagur		24 F Bóndadagur Vínafundur (H)
25	S		25 M Foreldrafundur Hamra kl.18		25 F	Vínafundur (D) Bangsa og náttfatadagur	25 M		25 M Jóladagur		25 L
26	M	Aðlögun hefst	26 F		26 L Fyrsti vetrardagur		26 Þ		26 F Annar í jólum		26 S
27	Þ		27 F Vínafundur (Á)		27 S		27 M		27 F		27 M
28	M		28 L		28 M		28 F		28 L		28 Þ
29	F		29 S		29 Þ		29 F Vínafundur (H)		29 S		29 M
30	F		30 M		30 M		30 L		30 M		30 F
31	L				31 F Hrekkjavökudagur				31 Þ		31 F Gamlársdagur



# Leikskóladagatal 2018 - 2019

		Febrúar		Mars		Apríl		Máí		Júní		Júlí				
1	L		1	S	1	M	1	F	Verkalýðsdagurinn	1	M	1	M			
2	S		2	M	2	F	2	L		2	Þ	2	F			
3	M		3	Þ	3	F	Hattadagur	3	S		3	M	3	F		
4	Þ		4	M	4	L		4	M		4	F	4	L		
5	M		5	F	5	S	Pálmasunnudagur	5	Þ		5	F	Snúðaskokk kl. 10	5	S	
6	F	Dagur leikskólans Fjölskyldukaffi 15-16	6	F	Spiladagur	6	M	6	M		6	L		6	M	
7	F	Skipulagsdagur	7	L		7	Þ	7	F		7	S		7	Þ	
8	L		8	S	Brunaæfing í vikunni	8	M	8	F		8	M		8	M	
9	S		9	M		9	F	Skírdagur	9	L		9	Þ	9	F	
10	M		10	Þ		10	F	Föstudagurinn langi	10	S	Mæðradagurinn	10	M	10	F	
11	Þ		11	M		11	L		11	M	Skipulagsdagur	11	F	11	L	
12	M	Jarðskjálftaæfing	12	F		12	S	Páskadagur	12	Þ		12	F	12	S	
13	F		13	F	Skipulagsdagur	13	M	Annar í páskum	13	M		13	L	13	M	
14	F	Íþróttafatadagur	14	L		14	Þ		14	F		14	S	14	Þ	
15	L		15	S		15	M		15	F		15	M	15	M	
16	S		16	M	Foreldrav	16	F		16	L		16	Þ	Sumarhátíð	16	F
17	M		17	Þ	Foreldrav	17	F		17	S		17	M	17	F	
18	Þ		18	M	Foreldrav	18	L		18	M		18	F	18	L	
19	M		19	F	Foreldrav	19	S		19	Þ		19	F	19	S	
20	F		20	F	Foreldrav	20	M		20	M	Úskrift kl. 15	20	L	20	M	
21	F		21	L		21	Þ		21	F	Uppstigningardagur	21	S	21	Þ	
22	L		22	S		22	M		22	F		22	M	22	M	
23	S	Konudagur	23	M	Foreldrav	23	F	Sumardagurinn fyrsti	23	L		23	Þ	23	F	
24	M	Bolludagur	24	Þ	Foreldra D	24	F	Vinafundur (D)	24	S		24	M	24	F	
25	Þ	Sprengidagur	25	M	Foreldrav D	25	L		25	M		25	F	25	L	
26	M	Öskudagur	26	F	Foreldrav Á	26	S		26	Þ		26	F	26	S	
27	F		27	F	Foreldrav Á Vinafundur (Á)	27	M		27	M		27	L	27	M	
28	F	Vinafundur (T)	28	L		28	Þ		28	F		28	S	28	Þ	
29	L		29	S		29	M		29	F	Útskriftaferð	29	M	29	M	
			30	M		30	F	Opið hús 15-16	30	L		30	Þ	30	F	
			31	Þ					31	S				31	F	